



Kópavogsbær



GRUNNGÖGN GREININGARVINNU 2019
VIÐAUKI II

INNGANGUR

Eftirfarandi gögn sem eru lögð fram í riti þessu eru unnin úr Landupplýsingakerfi Kópavogs, Þjóðskrá og fleiri gagnagrunnum.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 var bænum skipt upp í fimm hverfi, Kársnes, Digranes, Smárann, Fífuhamm og Vatnsenda. Hverju hverfi hefur verið skipt niður í minni hverfahluta. Hverfahlutarnir afmarkast ýmist af gatnakerfi, skólahverfum, skipulagseinkennum eða umhverfislegum þáttum. Í hverju hverfi og hverjum hverfareit verða unnar greiningar og athuganir á þáttum eins og t.d. íbúafjölda og aldursdreyfingu, byggðapróun, aðgengi að opnum svæðum og þjónustu í hverju hverfi.

Í þessu riti eru settar fram tölfræðilegar upplýsingar um stöðu Fífuhamms árið 2018.


Fífuhammur er fjórða hverfið í Kópavogi sem byggist upp, það er skipulagt frá grunni með áherslu á fjölbreytta byggð og góð tengsl við náttúrulegt umhverfi í Kópavogsdalnum. Á meðfylgjandi loftmynd er Smárahverfið auðkennt sérstaklega í lit.



HVERFASKIPTING & HVERFAREITIR

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er þéttbýli Kópavogs skipt í fimm hverfi. Hverju hverfi hefur svo verið skipt í minni einingar, hverfareiti. Hver hverfareitur ræðst af mismunandi þáttum s.s. gatnakerfi, umhverfislegum forsendum, skólahverfi eða skipulagseinkennum.

Fífuhammur skiptist í fimm hverfahluta.
Kársnes skiptist í fimm hverfahluta.
Digranes skiptist í tólf hverfahluta.
Smárinn skiptist í fjóra hverfahluta.
Vatnsendi skiptist í sex hverfahluta.




SAMFÉLAG MEÐALALDUR



Engir íbúar eru búsettir í hverfahluta F1

Meðalaldur í Fífuhammi er 38 ár.
Meðalaldur í Kópavogi er 38 ár.

Meðalaldur íbúa



Hæsti meðalaldur í Fífuhammi er í hverfareit F5 eða 40 ár en lægsti meðalaldurinn er í hverfareit F4 eða 36 ár.



SAMFÉLAG

ALDUR & ALDURSDREIFING


- Aldur og aldursdreifing í Fífuhammi
- Aldur og aldursdreifing í Kópavogi

Aldursdreifing í Fífuhammi er samkvæmt viðmiðum góð þó eru færri á aldursbilinu 21-30 ára í hverfinu í samanburði við Kópavog í heild.



Ef aldursdreifing í hverfahlutum er skoðuð nánar og borin saman þá má sjá að í hverfahluta F4 er meira af eldra fólki og hlutfallslega fáir í aldursflokknum 21-30 ára.

Fáir íbúar eru búsettir í hverfareit F1 og því er ekki skouð séraklega aldursdreifing þar.


Aldursdreifing í Fífuhammi, 2018




Aldursdreifing í Kópavogi, 2018




Aldursdreifing í F2, 2018




Aldursdreifing í F3, 2018



Aldursdreifing í F4, 2018



Aldursdreifing í F5, 2018



- Íbúaþéttleiki í Fífuhammi
- Íbúaþéttleiki í Kópavogi


Íbúaþéttleiki í Fífuhammi minni en flest hverfi í Kópavogi og er undir viðmiðum sem geru gefin í gátlista. Það má skýra með að það í F4 og F1 eru stór atvinnusvæði og opin svæði sem eru ekki í byggð.

Fífuhammur

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúaþéttleiki íbúar/ha	Íbúðaþéttleiki íbúðir/ha	Íbúar á íbúð
F1	0	0	27	42	0,00	0,0	0
F2	1909	653	334	51	37,43	12,8	2,90
F3	935	305	145	22	42,5	13,9	3,06
F4	645	185	88	57	11,31	3,2	3,48
F5	2721	1085	237	55	49,61	19,7	2,51
Samtals	6320	2.416	831	227	27,39	9,8	2,79

Kópavogur

Hverfareitir	Fjöldi íbúa	Fjöldi íbúða	Fjöldi lóða	Stærð hverfis (ha)	Íbúaþéttleiki íbúar/ha	Íbúðaþéttleiki íbúðir/ha	Íbúar á íbúð
Kársnes	5.255	2.249	1.059	194	31	12,8	2,34
Digranes	13.203	5.525	1.957	341	39	16,2	2,39
Smárinn	3.061	1.607	378	153	20	10,5	1,90
Fífuhammur	6.218	2.662	823	227	27	9,8	2,34
Vatnsendi	8.347	3.252	1.189	690	12	4,7	2,56
Kópavogur	36.115	15.295	5.416	1.605	23	9,5	2,36




SAMFÉLAG

STÆRÐ & FASTEIGNAMAT


- Stærð íbúðaeininga og meðalflatarmál íbúða í m² í hverfahlutum Kópavogs
- Meðalflatarmál íbúða í m² í hverfum Kópavogs
- Meðal fasteignamat á íbúðum í Kópavogi

Meðalstærð íbúðaeininga í m²




Meðalflatarmál íbúða í Kópavogi er stærst í Vatnsenda en minnst í Smáranum.



Í Fífuhammi er það hverfareitur F5 í Salahverfi sem er með minnstu íbúðirnar að meðaltali en aðrir hverfareitir eru íbúðaeinigar að í stærri kantinum.



Meðalfasteignamat á íbúðum, ágúst 2018



Meðalflatarmál íbúðarhúsnæðis í Kópavogi, 2018




SAMFÉLAG LEIGUSAMNINGAR



- Fjöldi þinglýstra leigusamninga í Kópavogi

Fjöldi þinglýstra leigusamninga á árunum 2011 - 2018.


Fjöldi þinglýstra leigusamninga 2010-2018




Hverfi Kópavogs




Fjöldi þinglýstra leigusamninga eftir árum



Fjöldi þinglýstra leigusamninga 2011- 2018 eftir hverfum



Flestar þinglýstar leiguíbúðir eru í Digranesi en færstar í Smáranum. Fjöldi þinglýstra leigusamninga hefur fækkað frá árinu 2015.





SAMFÉLAG LEIGUVERÐ


- Meðalleiguverð á íbúðarhúsnæði

Kortið sýnir einungis meðalleiguverð þinglýstra leigusamninga sem gerðir voru á árunum 2010-2018 fyrir íbúðarhúsnæði en ekki eldri samninga. Auk þess getur verið um fleiri en einn leigusamning að ræða fyrir sömu íbúðina á þessu tímabili. Því er ekki hægt að sýna þessar tölur sem hlutfall af heildarfjölda íbúða í hverju hverfi.


Meðalleiguverð á m² á mánuði



Þróun leiguverðs á íbúðarhúsnæði í Kópavogi, kr/m²








Meðal leiguverð á íbúðarhúsnæði eftir hverfum, 2014-2018, kr/m²



SAMFÉLAG ÞJÓNUSTUKJARNAR

- Þjónustukjarnar og áhrifasvæði í 600 m og 1000 m radíus.


-  Miðsvæði
-  Verslun og þjónusta
-  Áhrifasvæði 600 m radíus, verslun og þjónusta
-  Áhrifasvæði 1000 m radíus, miðsvæði



Miðsvæði er svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis. Verslun og þjónusta er svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu.


Í Fífuhvamm er fjölbreytt blanda af verslun og þjónustu og miðsvæði. Á Kársnesi er lítil matvöruverslun, sjoppa og bakarí, auk þess sem Hamraborgin er miðsvæði. Á Digranesi er fjölbreytt verslun og þjónusta auk þess sem Hamraborgin er miðsvæði. Í Smáranum er fjölbreytt blanda af verslun og þjónustu og miðsvæði. Í Vatnsenda er blanda af verslun og þjónustu.

Þegar áhrifasvæðin eru skoðuð þá er það helst vestast á Kársnesi og í Vatnsenda sem þarf að skoða verslun og þjónustu þegar miðað er við 600 m radíus í áhrifasvæði.



SAMFÉLAG GRUNNSKÓLAR

- Grunnskólar Kópavogs og 800 m radíus í áhrifsvæði.




- Grunnskólar
- 800 m radíus




Allir íbúar Kópavogs búa innan áhrifsvæðisins frá grunnskóla. Allir íbúar Fífuhvams búa innan áhrifsvæða Linda- og Salaskóla og eru nemendur skólanna því innan við 10 mín. að ganga í skólann. Þegar þróun nemendafjölda í Lindaskóla er skoðuð frá árinu 2000 til dagsins í dag, þá hefur nemendum fækkað lítilega síðustu ár og eru nú 499.

Þegar nemendafjöldi Salaskóla er skoðaður frá árinu 2001 þá hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt og eru nú 589.




Þróun nemendafjölda í Salaskóla 2001-2019




Þróun nemendafjölda í Lindaskóla 2001-2019



- Leiksvæði með 300 m áhrifasvæði í radíus

-  Leiksvæði
-  Áhrifasvæði með 300 m radíus
-  Leiksvæði skv. skipulagi en hafa ekki verið framkvæmd



Áhrifasvæði leiksvæða er 300 m í radíus. Inni í þessari greiningu eru ekki gæsluvellir eða leiksvæði á leik- og grunnskólalóðum.



Þegar Fífuhvammur er skoðaður er það Gladhheimasvæðið sem er fyrir utan áhrifasvæðið en samkvæmt gildandi deiliskipulag er gert ráð fyrir leiksvæðum á þessum svæðum sem á eftir að framkvæma. Hverfareitur K4 á Kársnesi fellur að mestu fyrir utan áhrifasvæði en á þeim hverfareit er Stelluróló, gæsluvöllur, og skólalóð Kársnesskóla. Í hverfahluta K5 hjá Kópavogstúni er vöntun á leiksvæði. Á Digranesi eru tvö svæði sem falla ekki undir áhrifasvæði leiksvæða í bænum, það er Lundur og Auðbrekkusvæðið og hluti af hverfareit D3, D7 og D11. Í Smáranum er lítill hluti sem fellur ekki innan áhrifasvæðis leiksvæða en sá hluti er mjög nálægt bæði leik- og grunnskólalóð. Leiksvæði á leik- og grunnskólalóðum er hægt að nota eftir lokun á virkum dögum og um helgar.


Í Vatnsenda eru fjórir hverfahlutar sem eru ekki á áhrifasvæði leiksvæða í hverfinu, það eru hverfareitir V1, V2, V4 og V6.

Rauðu punktarnir á teikningunni sína hvar leiksvæði eiga að vera samkvæmt skipulagi en þau hafa ekki verið framkvæmd.


SAMFÉLAG BOLTAVELLIR

- Boltavellir, þúttvöllur, hjólabrettavöllur og tennisvöllir með 300 m áhrifasvæði í radíus

-  Sparkvöllur
-  Malarvöllur
-  Grasvöllur
-  Körfuboltavöllur
-  Þúttvöllur
-  Hjólabrettavöllur
-  Tennisvöllur
-  Áhrifasvæði með 300 m radíus
-  Boltavellir skv. skipulagi en hafa ekki verið framkvæmdir



Áhrifasvæði opinna íþróttavalla í Kópavogi er 300 m í radíus. Stór hluti af þessum völlum eru inni á skólalóðum bæjarins. Mikilvægt er að hafa fjölbreytta íþróttavelli í bænum sem höfðar til sem breiðasta hópsins og allra aldurshópa svo notkunin verði meiri og stuðla megi að bættri lýðheilsu bæjarbúa.








SAMFÉLAG

ÞJÓNUSTA - HEILSUGÆSLA

- Þjónusta í Kópavogi

Bókasafn, heilsugæsla og félagsþjónusta fyrir eldri borgara.

-  Heilsugæsla
-  Félagshemili aldraða
-  Bókasafn
-  Áhrifsvæði frá heilsugæslu með 800 m radíus



Í Kópavogi eru þrjár heilsugæslur, í Hamraborg, Smáranum og í Fífuhammi. Bókasöfnin eru tvö, í Hamraborg og í Fífuhammi (Lindaskóli). Félagshemili fyrir aldraða eru á þremur stöðum, í Hamraborg, í Smáranum og í Vatnsenda.


Áhrifsvæði frá heilsugæslum er 800 m.

SAMFÉLAG ÞJÓNUSTA - HREYFING

- Þjónusta í Kópavogi


Íþróttamannvirki og sundlaugar

-  Íþróttamannvirki í eigu bæjarins
-  Sundlaug í eigu bæjarins
-  Íþróttahús við skólafnanir
-  Íþróttastaða í eigu einkaaðila
-  Áhrifsvæði íþróttamannvirkja
-  Áhrifsvæði sundlauga



Íþróttamannvirki á vegum bæjarins eru víða í Kópavogi. Áhrifsvæði stærri íþróttamannvirkja og sundlauga eru skoðuð hér, Viðmið áhrifsvæðisins er 1000 m og nær áhrifsvæðið nánast yfir allan Kópavog að hverfahluta V4 undanskildum.









Önnur mannvirki sem stuðla að hreyfingu íbúa eru m.a. íþróttahús við grunnskóla, heilsuræktarstöðvar og tennishöll. Áhrifsvæði þeirra eru ekki skoðuð hér.




ATHAFNIR DAGLEGS LÍFS

Miðbær Reykjavíkur - Háskóli Íslands - Kringlan - Mjódd - Höfðinn -

- Strætóleiðir og biðstöðva


-  Biðstöð í Hamra
-  Leið 1
-  Leið 2
-  Leið 4
-  Leið 28
-  Leið 24
-  Leið 21
-  Leið 35



0 1 2km



ATHAFNIR DAGLEGS LÍFS

- Áhrifasvæði strætóbiðstöðva 400 m radíus



ATHAFNIR DAGLEGS LÍFS GRENNDARGÁMAR

- Grenndargámar
- Áhrifasvæði grenndargáma með í 500 m radíus

-  Grenndargámastöð
-  Áhrifasvæði grenndargámastöðva



Í Kópavogi eru 12 grenndargámastöðvar og ein endurvinnslustöð við Dalveg.

Fífuhvammur: Þrjár stöðvar sem taka við plasti, pappa og fötum.

Vatnsendi: Tvær stöðvar sem taka við plasti og pappa.

Kársnes: Ein stöð sem tekur við plasti, pappa og fötum.

Digranes: Fimm stöðvar sem taka við plasti, pappa, fötum og dósum.

Smárinn: Ein stöð sem tekur við plasti, pappa og fötum.

Þegar staðsetning stöðvanna og áhrifasvæði þeirra eru skoðuð má sjá að bæta þarf við grenndargámastöð á Kársnesi. Staðsetning grenndargáma á Digranesi þarf að skoða í heild sinni til að þjónusta íbúana betur. Í Smáranum þarf að bæta við grenndargámastöð ef uppbygging fer af stað á suðursvæði Smáralindar. Í Fífuhvammum og Vatnsenda þarf að skoða staðsetningu stöðvanna nánar til að þjónusta íbúana betur. Skoða má þann kost að færa grenndargámstöðvarnar á bílastæði við verslunar og þjónustukjarna, t.d. við Ögurhvarf, Vallakór, Skógarlind, Nýbýlaveg.

Mikilvægt er að stöðvarnar séu í alfaraleið og snyrtilegar. Svæðin verða snyrtilegri þegar byggt er í kringum þau og gróðursett.





Heimild: X2-hönnun og skipulag ehf (2013)

0 1 2km

EFNAHAGUR ATVINNUSVÆÐI



- Staðsetning og stærð atvinnusvæða í Kópavogi

-  Athafnarsvæði
-  Miðsvæði
-  Verslun og þjónusta



EFNAHAGUR AÐGENGI

- Kópavogur og korterskort
- Aðgengi að stærri atvinnusvæðum á höfuðborgarsvæðinu frá Kópavogi



Minni hringurinn sýnir 800 m radíus frá bæjarkjörnum innan Kópavogs, þ.e. Engihjalli, við Salavegi og Vallakór og stærri hringurinn sýnir 1200 m radíus frá bæjarkjörnunum þremur.



Gera má ráð fyrir að hægt sé að ganga um 800 m á 8 mín og um 1200 m á 12 mín.

Þegar miðað er við 20 km meðalhraða á hjóli er hægt að komast 3,9 km í loftlínu á 15 mínútum. Kortið sýnir þá vegalengd sem meðal hjólreiðamaður ferðast á 15 mínútum frá miðkjörnunum tveimur í Kópavogi, annars vegar Hamraborg og hins vegar Smáranum. Gangandi vegfarendur ganga 3,9 km á 40 mín.

Kortið sýnir að hægt er að hjóla á 15 mín úr Kópavogi í Garðabæ, Kringluna, Nauhólsvík, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Mikilvægt er þó að gera grein fyrir því að land Kópavogs er ekki flatt og getur það því haft áhrif á ferðatíma.

MANNGERT UMHVERFI ALDUR HÚSNÆÐIS

- Byggingarár húsa í Fífuhammi
- Byggingarár húsa í Kópavogi



MANNGERT UMHVERFI HÆÐIR HÚSA


- Hæðir húsa í Fífuþvammí
- Hæðir húsa í Kópavogi



MANNGERT UMHVERFI OPIN SVÆÐI

- Opin svæði

- Opin svæði
- Kirkjugarður
- Golfvöllur
- Skógræktarsvæði
- Landbúnaðarsvæði



Heildar stærð opinna svæða í Kópavogi, skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, er 617 ha, þar af er hluti af þessari stærð golfvöllur, kirkjugarður, landbúnaðarsvæði og skógræktarsvæði.

Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa á Kársnesi:	83,5 m ² /íbúa
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa á Digranesi:	51,0 m ² /íbúa
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa í Smáranum:	21,0 m ² /íbúa
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa í Fífuhammi:	283,5 m ² /íbúa
Stærð opinna svæða miðað við fjölda íbúa á Vatnsenda:	541,6 m ² /íbúa

Stærð opina svæða miðað við fjölda íbúa í Kópavogi: 194,0 m²/íbúa. WHO samtökin hafa tilgreint að hver borg eigi að hafa að minnsta kosti 9 m² af opnu svæði fyrir hvern íbúa.


Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs er svæðið umhverfis Dimmu víkjandi byggð og er áætlað að þar verði opið svæði í framtíðinni. Byggðin í Vatnsendahlíð er í dag opið svæði en áætlað er að þar verði íbúðarbyggð í framtíðinni. Það sama á við í Vatnsendahlíðinni (V2 og V3), þar er áætlað að í framtíðinni komi þar samfélagsþjónusta.

0 1 2km

MANNGERT UMHVERFI ÁHRIFASVÆÐI OPINNA SVÆÐA

- Áhrifasvæði opinna svæða og
strandlengju



- Opin svæði
- Áhrifasvæði strandlengju, 400 m
- Áhrifasvæði opinna svæða, 400 m



MANNGERT UMHVERFI FERÐAVENJUR SKÓLABARNA



- Ferðavenjur grunnskólanna í 1. og 7. bekk Salaskóla og Lindaskóla vor 2018
- Leiðarval grunnskólanna í 4., 5. og 6. bekk

-
- Grunnskólar
- Helstu gön-



MANNGERT UMHVERFI HLJÓÐKORT





- Umferðarhávaði í 2 m hæð



Hávaðkort er skilgreint sem kort sem endurspeglar mældan eða útreiknaðan hávaða á tilteknu svæði frá mismunandi hávaðauppsprettum.

Hávaðamörk fyrir hávaða frá umferð, atvinnustarfsemi o.fl. er skilgreind í Reglugerð um hávaða nr. 724/20081. Á það bæði við hvort heldur sem er um að ræða breytingar á umferðaræð, uppbyggingu nýrra hverfa eða breytingar á þegar byggðum svæðum. Viðmiðunargildi samkvæmt reglugerð um hávaða er $L_{eq,24h}=55$ dB(A) við opnanlega glugga. Viðmiðunargildi um hávaða innanhúss er $L_{eq,24}=30$ dB(A). Viðmiðunargildin "innanhus" miðast við lokaðan glugga en opnar loftrásir.

Í kjölfar útreikninga á hljóðstigi var unnin Aðgerðaáætlun gegn hávaða í Kópavogi, Horft er til þeirra svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónáði og reiknast yfir $L_{den} = 65$ dB, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir.

  	Skýringar Hæðarlínur Gata Hljóðvarmir Íbúðarhús Skólar Önnur hús Heilbrigðisstofnun	Verk: Hávaðakortlagning skv. EU 2002/49/EC Hafnarfjarðarvegur, 40-02, 40-03 Reykjanesbraut, 41-11, 41-12 Arnarnesvegur, 411-06 Kópavogur - Yfirliitsmynd	Verkkaupi: Kópavogsbær Mælikvarði 1:15000 
	Reiknað: KÓ	Dags: Jan 2013	Talning nr.: K - 300

NÁTTÚRULEGT UMHVERFI MINJAR

- Minjar úr Minjaskrá Kópavogs 2014. Hér eru aðeins birtar upplýsingar um minjar innan þéttbýlis Kópavogs.

- Upplýsingar um staðsetningu minja úr heimalandi Kópavogs má nálgast á heimasíðu bæjarins.

Friðlýst svæði skv. náttúruverndarlögum


- 1 - Skerjafjörður
- 2 - Borgir á Kársnesi
- 3 - Víghólar á Digraneshálsi

Bæjarvernd/Hverfisvernd


- 4 - Höfði, tangi við Fossvog
- 5 - Kópavogstún & Kópavogsþingstaður
- 6 - Fossvogslækur og umhverfi hans
- 7 - Einbúi
- 8 - Álfhóll
- 9 - Trjálundur ofan Aspar- og Birkigrundar
- 10 - Trjálundur ofan Nýbýlavegar (Eilífsreitirinn)
- 11 - Trjálundur milli Reynihvamms og Digranesvegjar
- 12 - Grjótnám norðan Smiðjuvegjar
- 13 - Hádegishólar
- 14 - Engjaborg við Fífuhvammsveg
- 15 - Sel í Rjúpnadalshlíð
- 16 - Dimma
- 17 - Elliðavatn
- 18 - Trjálundur við Laxatanga
- 19 - Guðmundarlundur
- 20 - Magnúsarlundur á Kjóavöllum
- 21 - Marksteinn
- 22 - Trjásafn í Meltungu

Minjavernd og fornleifaskrá

- 23 - Álfhóll (er líka bæjarvernd)
- 24 - Digranesbærinn
- 25 - Selstaða
- 26 - Markasteinn (er líka bæjarvernd)
- 27 - Rústir undir Vatnsendahvarfi
- 28 - Beitarhús undir Vatnsendahvarfi
- 29 - Hjónadysjar
- 30 - Systkinaleið
- 31 - Þingnes við Elliðavatn
- 32 - Hressingarhælið
- 33 - Kópavogsbærinn



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI ÚTIKENNLSVÆÐI



- Útikennslusvæði
- Leikskólar
- Grunnskólar
- Áhrifasvæði útikennslusvæða, 600 m

Kársnes

1 - Ævintýraskógur á Kópavogstúni

Digranes

- 2 - Bræðratungugarður
- 3 - Fossvogsdalur við Víðigrund
- 4 - Trjásafnið í Meltungu
- 5 - Víghólasvæðið
- 6 - Laufáslundur

Smárinn

7 - Kópavogsdalur

Fífuhammur

- 8 - Opið svæði ofan við Lindaskóla
- 9 - Opið svæði við Hádegishóla
- 10 - Við Rjúpnahæð

Vatnsendi

- 11 - Garður við Dimmu
- 12 - Magnúsarlundur
- 13 - Guðmundarlundur

Unnið hefur verið markvisst að uppsetningu útikennslusvæða í Kópavog frá árinu 2010. Frá þeim tíma hafa verið tekin í notkun 13 útikennslusvæði víðsvegar um bæinn.

Með útikennslu og sérstakri aðstöðu utandyra skapast aðstæður þar sem hægt er að fræða nemendur um náttúru, dýralíf og borgarsamfélagið á fjölbreyttari hátt en gerist og gengur í almennum skólastofum. Með útikennslusvæði skapa skólarnir sér aðstæður sem ýta undir aukna hreyfingu nemenda og kennara, útikennslusvæði styrkja og virkja öll skilningarvitin. Börnin komast í snertingu við náttúruna, upplifun á umhverfinu eykst ásamt félagslegri samveru. Útinám sameinar allar kennslugreinar í heildstæða kennslu þar sem úti- og inninám blandast saman og nemendur læra í raunveruleikanum (Arne Nikolaisen Jordet).

0 1 2km